

## Reglur um kostnaðarpáttöku LEB vegna landsfunda LEB

Samþykkt á stjórnarfundum LEB, 27. febrúar 2023

1. Samkvæmt lögum LEB:

### **12. gr. Ferða- og dvalarkostnaður**

*12.1. Útlagður ferða- og dvalarkostnaður vegna fulltrúa á landsfundum greiðist allt að hálfu af LEB eftir athugun og ákvörðun stjórnar.*

2. Ferðakostnaður sem LEB greiðir vegna landsfundar og kjörinn fulltrúi sækir, getur aldrei numið hærri upphæð en lágsta fánlega netfargjald milli staða, rútu- og/eða strætógjaldi.

Ef einkabíll er óhjákvæmilega nýttur, þá mun LEB greiða kr. 50 fyrir pr. ekinn km frá heimili að 15 km radíus frá fundarstað.

3. Gistikostnaður vegna fundarpáttöku, þ.e. hótélkostnaður, er greiddur til helminga á móti hverju félagi/fulltrúa félags.

Fulltrúi skal leitast við að nýta sér hagstætt verð í vali á gististað. Ef LEB hefur upp á að bjóða sértíloboð á gistingu, þá skal fulltrúi nýta sér það, eða hagstæðari kjör. LEB greiðir eingöngu þessa greiðslu fyrir eina gistinótt ef fundur stendur í einn dag og er þá gert ráð fyrir að fulltrúinn geti ferðast annað hvort heim eða að heiman samdægurs. Félag eða fulltrúi skal greiða fyrir gistingu og framvísa síðan reikningi til LEB fyrir endurgreiðslu þess hluta sem LEB bera að greiða.

4. LEB greiðir veitingar á fundartíma landsfundar fyrir alla fulltrúa aðildarfélaga. Ef sérstakur kvöldverður er skipulagður að loknum landsfundarstörfum er hann valkvæður fundarmönnum. LEB greiðir helming á móti fulltrúa aðildarfélags. Fulltrúi getur boðið gesti með sér til kvöldverðar og greiðir hann þá fullt gjald fyrir sig.
5. LEB tekur ekki þátt í neinum þeim kostnaði sem flokka má undir einkaneyslu, svo sem mat eða gistingu á leið til eða frá fundarstað.
6. Endurgreiðsla fæst samkvæmt framlögðum reikningum. Reikningar skulu berast skrifstofu LEB.

Formaður, gjaldkeri og skrifstofustjóri úrskurða um réttmæti þeirra. Rísi ágreingur má skjóta honum til stjórnar sem þá kveður upp endanlegan úrskurð.